

88 Auk þess hafið þjer, herra biskup, lagt það til, að Hvamms-prestakalli verði veitt 1600 kr. lán af viðlagasjóði, til að reisa nýja timburkirkju á Hvammi í þeirrar stað, sem þar er nú og er orðin æði-ljeleg, og þarf þar að auki stækkunar við, þá er Ásgarðskirkja er niðurlögð, svo að hún verði að minnsta kosti 15 álna löng og 10 álna breið.

Út af þessu vil jeg nú tjá yður, herra biskup, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigendur.

1. að jeg fellst á, að Ásgarðs-kirkju megi niður leggja með ofanfundum skilyrðum.
2. að hinni sameinuðu Hvamms og Ásgarðssókn veitist 1600 kr. lán úr viðlagasjóði til að reisa sóknarkirkju úr timbri, og skal sú skylda hvila á presti þeim, er þjónar þessari sókn, að ávaxta og endurborga lánið með 6% árlega í 28 ár.

89 — Staðfesting konungs á reglum um gjöf Jóns Sigurðssonar.
27. apríl.

Vjer Christian hinn niundi, af guðs náð Danmerkur konungur Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmøri, Þjettmerski, Lácnborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Með erfðaskrá frá 12. desbr. 1879 stofnaði frú Ingibjörg Einarsdóttir, ekkja hins framliðna alþingismanns Jóns Sigurðssonar gjafasjóð, er nefnist «gjöf Jóns Sigurðssonar», og nú sem stendur nemur 5,329 kr. 15 a. Með því nú að beðið hefir verið um og óskað eptir allrahæztu staðfestingu vorri á reglum þeim, er alþingi það, sem átt var 1881, hefir samið fyrir þessum sjóði, og fylgja þær frumritaðar þessu brjefi; en samhljóða eptirrit eptir þeim hefir verið afhent ráðgjafa vorum fyrir Ísland — höfum vjer allra mildilegast staðfest þær, eins og vjer með þessu brjefi staðfestum þær og föllumst á þær.

Vjer fyrirþjóðum öllum og sjerhverjum að tálma því, sem að framan er ritað.

Gjört í hinum konunglega aðsetursstað vorum Kaupmannahöfn 27. apríl 1882.

Vort konunglegt innsigli.

(L. S.)

Samkvæmt allramildilegustu skipun hans hátignar konungsins

J. Nellemann.

Þingsályktun.

Samkvæmt umboði því, sem alþingi 1881 er gefið í erfðaskrá frúar Ingibjargar Einarsdóttur, dagsettri 12. desbr. 1879, ályktar alþingi, að um gjafasjóð þann, sem stofnaður er með erfðaskrá þessari, og nefndur er «Gjöf Jóns Sigurðssonar», sjer settar reglur þær, er hjer fara á eptir.

Reglur

um «Gjöf Jóns Sigurðssonar».

1. grein.

Sjóðurinn skal vera í vörslum landshöfðingjans yfir Íslandi, sem annist um, að hann ávaxtist.

